

STJÓRNARTÍÐINDI A 1 – 1996

26. janúar 1996

1

Nr. 1

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda þriðjudaginn 30. janúar 1996 kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 26. janúar 1996.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

10. janúar 1996

Nr. 2

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór til útlanda í dag.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 10. janúar 1996.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.